

1879

Fimmtudaginn 28. október 1993.

Nr. 104/1991. **Jón Loftsson hf.**

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

Sævari Guðlaugssyni

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.).

Veðskuldabréf. Varnir. Fyrirvari.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1991. Krefst hann þess, að málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar. Jafnframt verði honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti, ella krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi byggir ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína á því, að héraðsdómari hafi ekki, með vísan til 208. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, hleypt að efnisvörnum í málinu, er byggðust á fyrirvara, sem áritaður var á skuldabréf, út gefið af áfrýjanda 9. maí 1989, með veði í eigin húseign. Á þetta verður ekki fallist. Í dómi sínum fjallaði héraðsdómari um þýðingu fyrirvara þessa og taldi, að hann hefði ekki leyst áfrýjanda undan greiðsluloforði því, sem hann hafði undirritað. Taldi hann efnisvarnir áfrýjanda að öðru leyti ekki komast að í málinu, og er fallist á þá niðurstöðu. Samkvæmt því er ómerkingar- og heimvísunarkröfu áfrýjanda hafnað.

Áritun sú á ofangreint skuldabréf, sem áfrýjandi ber fyrir sig, er ekki skýr eða ótvíræð. Getur hann ekki borið hana fyrir sig gagnvart stefnda í málinu, sem eignaðist skuldabréfið með framsali frá upphaflegum kröfuhafa. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og

í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Loftsson hf., greiði stefnda, Sævari Guðlaugssyni, 110.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. nóvember sl., er höfðað með stefnu, birtri 29. ágúst 1990.

Stefnandi er Sævar Guðlaugsson, Byggðarenda 4, Reykjavík. Stefndi er Jón Loftsson hf., Hringbraut 121, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 625.437,60 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað [...].

Stefnandi kveður skuld þessa vera skv. skuldabréfi, að fjárhæð 500.000 kr., út gefnu í Reykjavík 9. maí 1989 af tveimur aðilum f. h. stefnda, en undirskriftir séu ólæsilegar, en muni vera nafnritanir Jóns Loftssonar og Lofts Jónssonar. Upphaflegur eigandi kröfunnar var Magnús Ólafsson, sem framseldi skuldabréfið til stefnda. Greitt skyldi af bréfi þessu með fimm árlegum afborgunum, í fyrsta skipti 1. júní 1990. Skuldabréfið var bundið lánskjaravísitölu, og var grunnvísitala 2394 stig. Vextir skyldu vera 5% á ári. Skuldabréfið geymdi ákvæði þess efnis, að ef ekki væri staðið í skilum á réttum gjalddaga, mætti gjaldfella það fyrirvaralaust og án uppsagnar.

Þar sem fyrsta afborgun var ekki greidd á réttum tíma, var skuldabréfið gjaldfellt. Frá og með 1. júní 1990 var skuldin öll gjaldfallin skv. ákvæðum í bréfinu sjálfu, og kveður stefnandi heildarskuldina hafa verið þá 625.437,60 kr., sem sundurliðist þannig: Höfuðstóll 500.000 kr., verðbætur 93.300,50 kr., vextir 32.137,10 kr.

Til tryggingar skuld þessari setti stefndi að veði fasteignina nr. 12 við Þverveg í Stykkishólmi.

Stefndi reisir vörn sína á því, að það, að hann hafi undirritað skuldabréfið greinilega með orðunum „án frekari ábyrgðar“, leiði til þess, að stefndi sé undanskilinn persónulegri ábyrgð á fullnustu greiðslu þeirrar, er veðið tryggi, og kröfuhafi hafi sætt sig við það athugasemdalaust.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi hefur lagt fram veðskuldabréf það, sem hann reisir kröfur sínar á. Bréfið er í stöðluðu formi, og í því er stefndi sagður skuldari. Á skjalinu er reitur fyrir undirskrift skuldara, þar sem forsvarsmenn stefnda hafa ritað nöfn sín undir stimpil stefnda. Í reit þar fyrir neðan eru prentuð orðin „Samþykkur sem þingl. eigandi“. Þar undir er nafn stefnda ritað með sama hætti og bætt við orðunum „án frekari ábyrgðar“.

Ekki er deilt um, að þeir, er nöfn sín rituðu, hafi getað skuldbundið stefnda.

Með því að forsvarsmenn stefnda undirrituðu skuldaviðurkenningu án nokkurs fyrirvara, verður að telja, að stefndi beri ábyrgð á greiðslu bréfsins, svo sem stefnandi heldur fram. Verður við það að miða, að tilvitnuð orð við samþykki þingl. eiganda leysi hann ekki undan greiðsluforði því, sem forsvarsmenn hans undirrituðu í þar til gerðan reit á skuldabréfinu. Sú vörn stefnda, að um annað hafi verið samið við útgáfu skuldabréfsins, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936, kemst ekki að í máli þessu, enda tekið fram í bréfinu, að um mál samkvæmt skuldinni skuli fara að hætti XVII. kafla nefndra laga.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti. Málskostnaður ákveðst 87.000 krónur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Loftsson hf., greiði stefnanda, Sævari Guðlaugssyni, 625.437,60 krónur auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. júní 1990 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 87.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.
